



# Nemar á fyrsta ári í starfstengdu námi fyrir fólk með þroskahömlun haustið 2019

Spurningakönnun meðal nema

Skýrsla rannsóknarhóps

Maí 2020

Höfundar: Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

© Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

Júní 2020

Nemar á fyrsta ári í starfstengdu námi fyrir fólk með þroskahömlun haustið 2019

Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

ISBN: 978-9935-9534-2-1

## Inngangur

Haustið 2019 var lögð spurningakönnun fyrir nema á fyrsta misseri í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun. Alls tóku þátt 10 af 16 nemum sem hófu þetta nám haustið 2019. Verkefnastjórum í náminu eru færðar þakkir fyrir yfirlestur spurningalistans og aðstoð við fyrirlögn og kærar þakkir til nema sem svöruðu spurningakönnuninni.

## Helstu niðurstöður

Þátttakendur úr starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun voru 10, sex karlar og fjórar konur. Helmingur þátttakenda var 20 ára eða yngri og allir þrítugir eða yngri. Allir nema einn þátttakandi búa á höfuðborgarsvæðinu, átta af tíu búa í foreldrahúsum og átta eru einhleypir.

Allir höfðu þátttakendur lokið námi í framhaldsskóla. Einn þátttakandi hafði verið í Fjölmennit og þrjár höfðu tekið námskeið auk þess að sækja framhaldsskóla. Þeir höfðu einnig ýmsa starfsreynslu, t.d. höfðu tveir unnið á sumarnámskeiðum fyrir börn og ungmenni. Einhver þátttakanda hafði reynslu af eftirtöldum störfum: íþróttapjálfun, vinnu á frístundaheimili, vinnu í leikskóla og félagsmiðstöð og í starfi með fötluðu fólk. Helmingur þátttakenda var að vinna með náminu. Tveir voru að vinna í félagsmiðstöð, tveir í starfi sem tengist ekki náminu og einn var að vinna á frístundaheimili.

Sjö þátttakendur áttu móður með háskólagráðu og fjórir föður með slíka menntun. Tveir þátttakendur áttu föður sem ekki hafði lokið frekara námi en grunnskóla og einn átti móður með enga frekari menntun en grunnskólanám. Einn þátttakandi var ekki með íslensku sem móðurmál. Algengast var að hvatning til að sækja um námið kæmi frá foreldrum eða nánustu fjölskyldu en einnig frá kennurum í framhaldsskólum og nánum vinum.

Mikill meirihluti þátttakenda er ánægður með námið í heild sinni og þá þætti sem spurt var sérstaklega um, þar á meðal samskipti við kennara og samnemendur og aðstæður í tímum. Fjórum þátttakendum fannst námið aðeins erfiðra en þeir áttu von á, þremur þótti það svipað og þeir bjuggust við og þremur fannst það léttara.

Þátttakendur voru beðnir að leggja mat á tiltekna þætti sem þeir teldu líklegt að gætu haft neikvæð áhrif á námsframvindu þeirra. Tveir töldu skyldur vegna fjölskyldu hafa mjög mikil neikvæð áhrif og einnig töldu tveir að slakur undirbúningur í framhaldsskóla hefði mjög mikil neikvæð áhrif á nám þeirra.

Allir þátttakendur tóku þátt í nýnemavikunni sem var skipulögð í upphafi haustmíssis. Almenn ánægja var með alla þætti nýnemavikunnar. Til að mynda segja sjö að mjög vel hafi tekist til við að miðla upplýsingum um skipulag námsins, sex fannst að mjög vel hefði tekist að kynna kennurum og samnemum og fimm að vel hefði tekist að koma þátttakendum í gang í náminu.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Helstu niðurstöður .....	4
Efnisyfirlit.....	5
Skrá yfir myndir .....	5
Niðurstöður .....	6
Kyn, aldur, búseta og fjölskylduaðstæður .....	6
Menntun þátttakenda, fyrri starfsreynsla og vinna með námi .....	6
Menntun foreldra og móðurmál .....	8
Viðhorf til námsins og hvatning til að hefja námið.....	9
Tími sem notaður er í námið, mat á náminu og þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið .....	10
Nýnemavika.....	12


## Skrá yfir myndir

Mynd 1. Aldur nema í starfstengdu diplómanámi. ....	6
Mynd 2. Starfsreynsla nema áður en þeir hófu námið. ....	6
Mynd 3. Starf sem nemandi ætla að sinna með náminu. ....	7
Mynd 4. Vinnutími á viku með námi. ....	7
Mynd 5. Menntun foreldra nema.....	8
Mynd 6. Viðhorf nema til starfa að loknu námi. ....	9
Mynd 7. Hvaðan nemandi fengu hvatningu til að fara í námið. ....	10
Mynd 8. Tími á viku sem notaður er í alla þætti námsins. ....	10
Mynd 9. Ánægja með námið og ýmsa þætti. ....	11
Mynd 10. Þættir sem hafa neikvæð áhrif á nám þátttakenda. ....	11
Mynd 11. Mat nema á því hvort námið var léttara eða erfiðara en þeir bjuggust við.....	12
Mynd 12. Mat nema á því hvernig tókst til með nokkra þætti í nýnemavikunni. ....	12

## Niðurstöður

### Kyn, aldur, búseta og fjölskylduaðstæður

Þátttakendur úr starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun voru 10, sex karlar og fjórar konur.




Mynd 1. Aldur nema í starfstengdu diplómanámi.

Á mynd 1 sést að þátttakendur voru allir 30 ára eða yngri, þar af var helmingur 20 ára eða yngri. Allir nema einn þátttakandi bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Átta bjuggu í foreldrahúsum, einn í eigin húsnæði og einn í leiguhúsnæði. Átta voru einhleypir og einn í sambúð eða hjónabandi.


### Menntun þátttakenda, fyrri starfsreynsla og vinna með námi

Allir höfðu þátttakendur lokið námi í framhaldsskóla og höfðu allir verið í skólum á höfuðborgarsvæðinu. Einn þátttakandi hafði verið í Fjölmennt og þrír höfðu tekið ýmis námskeið.




Mynd 2. Starfsreynsla nema áður en þeir hófu námið.

Þátttakendur voru spurðir um starfsreynslu sína áður en þeir hófu námið. Tveir höfðu unnið á sumarnámskeiðum fyrir börn og ungmenni og einhver meðal þátttakanda hafði reynslu af eftirtöldum störfum: íþróttþjálfun, vinnu á frístundaheimili, vinnu í leikskóla, vinnu í félagsmiðstöð og í starfi með fötluðu fólki.



Mynd 3. Starf sem nemar ætla að sinna með náminu.


Helmingur þátttakanda var í vinnu með námi. Tveir voru að vinna í félagsmiðstöð, tveir í starfi sem tengist ekki náminu og einn var að vinna á frístundaheimili.



Mynd 4. Vinnutími á viku með námi.

Þátttakendur voru spurðir um vinnutíma á viku í launuðu starfi en aðeins tveir svöruðu um tíma. Annar sagðist vinna 11–15 klst. á viku og hinn 16–20 klst.

## Menntun foreldra og móðurmál




Mynd 5. Menntun foreldra nema.

Spurt var um menntun foreldra og má sjá svör á mynd 5. Sjö þátttakendur áttu móður með háskólagráðu og fjórir föður með slíka menntun. Tveir þátttakendur áttu föður sem ekki hafði lokið frekara námi en grunnskóla og einn átti móður með enga frekari menntun en grunnskólanám.

Íslenska var móðurmál allra nema eins þátttakanda, einn sagði íslensku ekki vera móðurmál foreldra sinna og annar þátttakandi að íslenska væri ekki móðurmál annars foreldris síns.




## Viðhorf til námsins og hvatning til að hefja námið



Mynd 6. Viðhorf nema til starfa að loknu námi.


Á mynd 6 sjást svör þátttakenda við staðhæfingum um störf að loknu námi. Þrjár eru algjörlega sammála staðhæfingum um að þeir vilji vinna í skóla, á frístundaheimili, félagsmiðstöð eða í hagsmunabaráttu fatlaðs fólks vegna þess að þeir vilja vinna með fólki, vegna þess að það er mikilvægt að vinna með börnum og ungmennum og vegna þess að það er spennandi.



Mynd 7. Hvaðan nemandur fær hvatningu til að fara í námið.


Á mynd 7 sést hvernig þátttakendur svöruðu spurningu um hvaðan þeim hefði komið hvatning til að fara í starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Algengast var að slík hvatning kæmi frá foreldrum eða nánustu fjölskyldu en einnig frá kennurum í framhaldsskólum og nánnum vinum.

Tími sem notaður er í námið, mat á náminu og þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið




Mynd 8. Tími á viku sem notaður er í alla þætti námsins.

Svör þátttakenda við spurningu um hvað þeir verðu miklum tíma til náms á viku sjást á mynd 8. Fjórir þátttakendur segjast nota 16–20 klst. á viku en aðrir minni tíma.




Mynd 9. Ánægja með námið og ýmsa þætti.

Á mynd 8 sést að mikil meirihluti þátttakenda er ánægður með námið í heild sinni og þá þætti sem spurt var um. Ánægja er minnst með upplýsingar um námið.



Mynd 10. Þættir sem hafa neikvæð áhrif á nám þátttakenda.

Þátttakendur voru beðnir að leggja mat á tiltekna þætti sem þeir teldu líklegt að gætu haft neikvæð áhrif á námsframvindu þeirra. Tveir töldu skyldur vegna fjölskyldu hafa mjög mikil neikvæð áhrif og einnig töldu tveir að slakur undirbúningur í framhaldsskóla hefði mjög mikil neikvæð áhrif á nám þeirra, sjá nánar mynd 10.




Mynd 11. Mat nema á því hvort námið var léttara eða erfiðara en þeir bjuggust við.

Mynd 11 sýnir mat þátttakenda á því hvort námið hefði verið léttara eða erfiðara en þeir áttu von á. Fjórum fannst það aðeins erfiðara en þeir áttu von á en þremur fannst það svipað og þeir bjuggust við. Þremur fannst það léttara en þeir áttu von á.

### Nýnemavika

Við upphaf haustmisseris 2019 var skipulögð svokölluð nýnemavika þar sem dagskrá var fyrir alla nýnema á Menntavísindasviði sem ætluð var til að kynna námið og gefa nemum tækifæri til að kynna hver öðrum og kennurum. Allir þátttakendur tóku þátt í nýnemavikunni.



Mynd 12. Mat nema á því hvernig tókst til með nokkra þætti í nýnemavikunni.

Mynd 12 sýnir hversu vel þátttakendum fannst tilteknir þættir takast í nýnemavikunni. Almenn ánægja var með alla þætti nýnemavikunnar. Til að mynda segja sjö þátttakendur að mjög vel hafi tekist til við að miðla upplýsingum um skipulag námsins, sex segja það sama um að kynna kennurum og samnemum og fimm töldu að mjög vel hefði tekist til við að koma þátttakendum í gang í náminu.